

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 19/2001 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum, beingreiðslur, uppkaupaálag og jöfnunargreiðslur 2001-2007.

1. gr.

Við 15. gr. bætist ný málsg. svohljóðandi:

Ráðherra getur þó heimilað framleiðanda sem flytur á milli lögbýla að flytja með sér jöfnunargreiðslur, enda sé flutningurinn í samræmi við markmið samningsins um framleiðslu sauðfjárafurða er taka til umhverfisverndar, landkosta og landnýtingarsjónarmiða.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 26. september 2005.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*